

34

24. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 3. gr. laganna falli niður ákvæði 4. töluliðs.

2. gr.

Í 5. gr. laganna breytast orðin „3. gr. 1.—6. tölul.“ í: 1.—3. og 5.—6. tölul. 3. gr. Orðin „1.—6.“ síðar í greininni breytast í: 1.—3. og 5.—6.

3. gr.

Í 1. málsg. 6. gr. breytast orðin „3. gr. 1.—4. og 6. tölul.“ í: 3. gr. 1.—3. og 6. tölul.

4. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 24. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

35

24. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, og lögum nr. 47 1958, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „60“ í f-lið 2. gr. laganna komi: 150.

2. gr.

Í 4. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs i.

3. gr.

Í 6. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs d.

4. gr.

Í 8. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs d.

5. gr.

35

24. marz

Í 10. gr. laganna falli niður tilvísanir til stafliða d.

6. gr.

Í 12. gr. laganna falli niður tilvísanir til stafliða d.

7. gr.

a. Ákvæði d-liðs 1. málsg. 14. gr. laganna falli niður.

b. Á eftir 1. málsg. sömu lagagr. komi ný málsgrein, svofelld:

Heimilt er að synja manni um skipstjóraréttindi samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

8. gr.

a. Ákvæði d-liðs 16. gr. laganna falli niður.

b. Aftan við sömu lagagr. komi ný málsgrein, svofelld:

Heimilt er að synja manni um stýrimannaskírteini samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

9. gr.

Í 23. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

10. gr.

Í 25. gr. laganna falli niður ákvæði e-liðs.

11. gr.

Í 27. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

12. gr.

a. Í 29. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

b. Á eftir 1. málsg. komi ný málsg., svofelld:

Heimilt er að synja manni um skírteini samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

13. gr.

Í 32. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

14. gr.

Í 34. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

15. gr.

Í 36. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

16. gr.

Í 38. gr. laganna falli niður ákvæði e-liðs.

17. gr.

Í 40. gr. laganna falli niður ákvæði d-liðs.

18. gr.

Í 42. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

19. gr.

Í 44. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

35

20. gr.

24. marz 15. gr. laga nr. 47 1958 breytist þannig, að í stað orðanna „einn undirvélstjóri, sem öðlazzt hefur skirteini samkv. 36. gr., og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefur skirteini samkvæmt 36. gr.“ komi: og einn undirvélstjóri, sem öðlazzt hefur skirteini samkvæmt 36. gr.

21. gr.

52. gr. laganna falli niður.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 24. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

36

ÁBÚÐARLÖG

29. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um bygging jarða.

1. gr.

Jörð eða lögbýli nefnist í lögum þessum land utan skipulagssvæða kaupstaða eða kaupsbýli með ákveðnum þinglýstum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum, ef um hjáleigu eða býli er að ræða, er hefur sameiginlegt beiti-land með annarri jörð eða jörðum. Enn fremur verður býlið að hafa það landrými eða búrekstraraðstöðu, að það framfleyti minnst 10 kúgildum. Auk þess sé á landinu nauðsynlegur húsakostur til að nytja jörðina.

Jörð, sem farin er í eyði og öll hús á henni fallin eða rifin, telst þó eftir sem áður jörð eða lögbýli, þar til liðin eru 25 ár, frá því að hún fór síðast í eyði. Eftir þann tíma telst hún í flokki óbyggðra landa.

Jörð eða lögbýli teljast enn fremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli, sem hlotið hafa samþykki nýbýlastjórnar sem lögbýli samkv. skilgreiningu laga nr. 48 1957, III. kafla, 14. gr.

Sama gildir um jarðarhluta, sem skipt er úr jörð og stofnað á honum til sjálfstæðs búrekstrar, þótt hann falli ekki undir ákvæði laga nr. 48/1957, enda hafi nýbýlastjórn ríkisins viðurkennt þennan jarðarhluta sem lögbýli.

2. gr.

Jarðir má því aðeins sameina, að þær verði ekki taldar lífvænleg býli og úttektarmenn telji sameiningu gagnlega. Sami maður má heldur ekki samtímis hafa ábúð á tveimur jörðum eða fleiri, ef þær geta framfleytt til samans meira en 60 kúgildum eða hafi sjávargagn eða önnur hlunnindi, sem því svarar, enda geti sú jarðanna, sem minnst er, framfleytt meiri bústofni en 10 kúgildum. Heimild til